

111 Réttur til sjúkrabóta fellur niður, ef sjúkdómurinn stafar af áfengisneyzlu
28. júní eða öðrum orsökum, sem hinn sjúki sjálfur á sök á. Sjúkrabætur greiðast ekki vegna farsóttá, þegar slíkir sjúkdómar ganga.

Fastir starfsmenn, þ. e. þeir, sem ráðnir eru eða skipaðir til a. m. k. eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu fjórtán dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu og eiga því ekki rétt til dagpeninga fyrir þann tíma. Sama gildir ef þeir njóta kaupgreiðslu fyrir lengri tíma samkvæmt samningi, sérstökum lögum eða venju í starfsgrein þeirra.

Þeir, sem ætla að sækja um sjúkrabætur, skulu tilkynna Tryggingastofnuninni eða (utan Reykjavíkur) umboðsmanni hennar (eða fulltrúa hans í hreppnum) veikindin með læknisvottorði áður en 10 dagar eru liðnir frá því að sjúkdómurinn olli óvinnuhæfni. Umsóknir um sjúkrabætur skulu, ef óvinnuhæfnin varir fullan biðtíma, sendar sömu aðilum ásamt tilskildum vottorðum og upplýsingum. Eyðublöð fyrir umsóknir og læknisvottorð fást hjá Tryggingastofnuninni (slysa-tryggingadeild) og utan Reykjavíkur eftir 10. júlí hjá umboðsmönnum, sem gefa nánari upplýsingar.

Tryggingaráð getur ákveðið að greiða þeim, sem veikt hafa fyrir 1. júlí, þá eru veikir og óvinnufærir, og ekki njóta örorkustyrks, sjúkrabætur frá 1. júlí, ef sjúkleiki þeirra hefur hafizt og valdið tekjumissi á síðustu sex mánuðum, enda greiðist dagpeningar þá eigi lengur en þar til liðnar eru 26 vikur auk biðtíma frá því veikindin hófust.

Tryggingastofnun ríkisins, 28. júní 1947.

Haraldur Guðmundsson.

112 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð kennara“, útgefin
26. júní venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júní 1947.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður kennara. Minning Magnúsar Helgasonar skólastjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 1000.00 króna framlagi frá Sambandi íslenskra barnakennara og minningargjöfum um Magnús Helgason skólastjóra. Stofnfé sjóðsins er 2000.00 krónur.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir af stofnfé sjóðsins.
- b. 5% af árlegum tekjum SÍB.
- c. Minningargjafir (enda gefi sjóðurinn út minningarspjöld, sem seld verði til ágóða fyrir sjóðinn).
- d. Áheit.
- e. Dánargjafir.
- f. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að berast.

- g. Verði tekjuafgangur af bókaútgáfu S Í B og útgáfu Íslandskortsins, skal hann renna í menningarsjóðinn. **112**
26. júní
- h. Sé styrkur áætlaður í fjárlögum ríkisins, til utanfara kennara eða kennaranámskeiða, en styrkurinn ekki veittur vegna sérstaks ástands utanlands eða innan, skal stjórn S Í B vinna að því við stjórnarvöld ríkisins, að áætlaður styrkur sé greiddur til sjóðsins og leggist þá við höfuðstólinn.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 25000 kr. má veita árlega styrki úr honum, er nemi $\frac{3}{4}$ ársvaxta, en $\frac{1}{4}$ ársvaxta skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr. má veita úr honum styrki, er nemi allt að $\frac{4}{5}$ ársvaxta, $\frac{1}{5}$ ársvaxta skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn 100000 kr. má verja til styrkveitinga öllum ársvöxtum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vinna að menningarmálum íslenzkrar barnakennara-stéttar:

- Með því að veita starfandi kennurum, einum eða fleirum, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og hæfileika á einhverju sviði kennslu og menningarmála, styrk til framhaldsnáms eða rannsóknna í einhverri sérgrein uppeldis og kennslumála, utanlands eða innan.
- Með því að veita styrk til þess að koma á fót vel nothæfu uppeldisbókasafni.
- Að öðru jöfnu skulu þeir kennarar sitja fyrir um styrki, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og árangur í íslenzkukennslu og þjóðlegum fræðum, og stunda vilja framhaldsnám í þeim efnum.

5. gr.

Styrk úr sjóðnum má veita öllum starfandi, settum og skipuðum, barnakennurum, er vinna samkvæmt lögum, er í hvert sinn gilda um skipun barnakennara í landinu (sbr. þó a- og b-lið 4. gr.).

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skólastjóri kennaraskólans og 2 menn tilnefndir af stjórn S Í B til 5 ára í senn, og skal annar þeirra tilnefndur sem formaður. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórn S Í B tilnefnir 2 endurskoðendur til 2 ára í senn.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta jafntryggilega og gildir um fé ómyndugra.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 27. júní 1941.

Gísli Jónasson.

Margrét Jónsdóttir.

Gunnar M. Magnúss.